

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Horfur í sauðfjárrækt og staða sauðfjárþænda

3. Laugargarður ehf

Ársreikningur 2016

4. Gerð húsnæðisáætlunar fyrir Fljótsdalshrepp

Bréf Íbúðalánasjóðs dags. 24.05 2017

5. Eldvarnarbandalagið

6. Bréf

Gróðrarstöðin Barri ehf dags. 28.08 2017

7. Umhverfisstyrkir

Lárus og Sigríður, Droplaugarstöðum

8. Fundargerðir

a) Félagsmálanefnd 15.08 2017

b) Fjallskilanevnd 31.08 2017

9. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Framkvæmdum við starfsmannahús Laugarfelli er lokið. Þak og forstofa var byggt og útveggir gáma málaðir. Einnig var gengið endanlega frá rafmagnstengingum í húsið.

Á næstunni verður rafhleðslustöð sem Orkusalan færði Fljótsdalshreppi að gjöf, komin í gagnið við Laugarfellsskála.

Fara þurfti í nokkuð viðamiklar lagfæringar á öryggiskerfi í Laugarfellsskála til að það stæðist kröfur um slík kerfi, bætt var við skynjurum og staðsetningar lagfærðar, skipt út varabatteríum o.fl. Þrátt fyrir lagfæringar er enn eitthvað um villuboð frá kerfinu.

Þá er von á grjóthleðslumönnum í haust til að lagfæra skemmdan vegg við bílastæðið.

Verklýsing fyrir framkvæmdir á stíg að Hengifossi er langt komin og von til að framkvæmdir við stíginn hefjist fljótlega. Enn er mikið um ferðamenn sem ganga að fossinum og bílaplan þéttsetið flesta daga.

Fljótsdalsdagur Ormsteitis var haldinn með hefðbundnu sniði sunnudaginn 13. ágúst. Heldur færri gestir voru viðstaddir viðburði, en undanfarin ár og í umræðu er að taka til skoðunar fyrirkomulag fyrir næsta ár og huga að einhverjum breytingum.

Steingrímur Karlsson hefur verið ráðinn til að annast skólaakstur þessa skólaárs.

Jafnréttisstofa boðar til landsfundar sveitarfélaga um jafnréttismál í Stykkishólmi 15. september kl. 10.00.

Aðsend gögn:

Fjölrit Náttúrufræðistofnunar: Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.

Skýrsla Landsvirkjunar: LV-2017-07 Útbreiðsla og ástand seiða og veiði á vatnasviði Jökulsár á Dal og Fögruhlíðará 2016þ

2. Horfur í sauðfjárrækt og staða sauðfjárnænda.

Eftir umræður um stöðuna í sauðfjárræktinni lagði oddviti fram eftirfarandi bókun sem var samþykkt:

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í sauðfjárrækt. Fyrir liggur að verulega lækkun verður á afurðaverði til sauðfjárnænda. Af því leiðir gríðarlegt tekjutap fyrir sauðfjárnændur og skapast getur forsendubrestur fyrir áframhaldandi búrekstri. Sauðfjárrækt er grunnstoð atvinnulífs og búsetu í Fljótsdalshreppi og og eins og víða á landinu mikilvægasta forsenda búsetu í dreifbýli. Grafalvarleg staða getur myndast í byggðapróun á Íslandi, verði ekki brugðist við alvarlegri stöðu sauðfjárnænda. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps skorar á stjórnvöld að bregðast skjótt við þeim vanda sem blasir við og þær aðgerðir sem gripið verði til verði sauðfjárræktinni til styrkingar og eflingar til framtíðar.

Sveitarstjórn er sammála um að taka til skoðunar á hvaða hátt Fljótsdalshreppur getur komið að málum, með að vinna gegn neikvæðum áhrifum á grunnatvinnugrein sveitarfélagsins.

3. Laugargarður ehf

Ársreikningur 2016. Reikningurinn borinn upp til atkvæða, samþykktur og undirritaður.

4. Gerð húsnæðisáætlunar fyrir Fljótsdalshrepp.

Bréf íbúðalánasjóðs dags. 24.05 2017. Kynnt. Umræður um gerð húsnæðisáætlunar í Fljótsdalshreppi og hvernig skuli unnið við gerð hennar. Samþykkt að sveitarstjórn vinni að áætluninni með byggingarfulltrúa, félagsþjónustu og aðkomu annarra sem með þarf. Sefnt er að því að áætlunin verði lögð fram fyrir mitt næsta ár.

5. Eldvarnarbandalagið.

Verkefnið lýtur að því að innleiða eigið eldvarnareftirlit í mannvirkjum sveitarfélagsins í samstarfi við Eldvarnareftirlitið. Samþykkt að taka þátt með öðrum aðildarsveitarfélögum í Brunavörnum á Austurlandi.

6. Bréf

Gróðrarstöðin Barri ehf dags. 28.08 2017. Kynnt. Varðar starfsemi félagsins og ákvörðun um að innkalla fyrirbyggjandi hlutafjárloforð.

Lárus vék af fundi.

7. Umhverfisstyrkir

Lárus og Sigríður , Droplaugarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Lárus kom aftur til fundar.

8. Fundargerðir

- c) Félagsmálanefnd 15.08 2017. Kynnt.
- d) Fjallskilanevnd 31.08 2017. Kynnt. Samþykkt ósk fjallskilanevndar um að sveitarsjóður greiði fyrir smölun á Hraunum eins og verið hefur undanfarin ár. Vakin er athygli á tilmælum fjallskilanevndar til bænda , um að þeir setji ekki á langt aðkomið fé.

9. Önnur mál.

- a) Anna Jóna óskaði eftir að taka til umræðu málsmeðferð oddvita við ráðningu skólaláblstjóra.

Málin rædd og sveitarstjórnarmennirnir Þorvarður og Eiríkur tóku undir með Önnu að oddviti hefði átt að upplýsa sveitarstjórn fyrir um stöðu mála og hafa hana með í ráðum. Þau telja að oddviti hafi ekki staðið eðlilega að málum.

- b) Anna Jóna lagði fram bréf dags. 05.09 2017 ,til sveitarstjórnar frá Önnu Bryndísi Tryggvadóttur og Hallgrími Þórhallssyni. Í bréfinu er óskað eftir svörum við nokkrum atriðum er varða breytingar á skólaakstri.

Erindið verður tekið formlega fyrir og svarað á næsta fundi sveitarstjórnar.

- c) Fundur í Végarði vegna sjálfbærniúttektar Fljótsdalsstöðvar kl 11-12 11. Sept Tekin verða viðtöl við oddvita og þá sveitarstjórnarmenn sem geta mætt.
- d) Eiríkur kom á framfæri óskum um að sveitarfélagið láti laga réttaraðstöðu á Sturluflöt og Arnaldsstöðum.
- e) Fljótsdalshreppi var boðið að senda kjörna fulltrúa til kynningarfundar um hugmyndir um stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Fundurinn er haldinn á Karlsstöðum í Berufirði á sama tíma og fundur sveitarstjórnar. Gunnar Gunnarsson varamaður í sveitarstjórn ætlaði að mæta fyrir Fljótsdalshrepp á fundinn , en forfallaðist.
- f) Skipulagsdagur 2017 hefur verið boðaður í Reykjavík 15. september.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.45. Þorvarður ritaði fundargerði í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)